

Annar fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn mánudaginn 13. október, 2014, klukkan 19:30 í Kvennaskólanum í Reykjavík.

Fundarsetning Við komum okkur fyrir á kennarastofu á 2. hæð í aðalbyggingu Kvennaskólans. Um klukkan 19:30 setti Kristín Bjarnadóttir formaður fund. Hún kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Síðan var nafnakall, alls sóttu 28 konur fundinn.

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Anh-Dao Tran, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Edda Pétursdóttir, Edda Vikar, Elín Ólafsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga Halldórsdóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir kennsluk, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Orð til umhugsunar Helga Thorlacius flutti orð til umhugsunar. Hún sagði frá æskuárum sínum en hún ólst upp á Kársnesinu í Kópavogi. Helga sagði frá kynnum sínum af Bókasafni Kópavogs, þar sem allar hillur voru fullar af bókum. Henni fannst þetta vera algjör ævintýraheimur og fannst henni það vera miklar gæðastundir að sitja þar með bók í hönd. Bókavörðurinn var Jón úr Vör, hann fékk Helgu og vinkonur hennar til að hjálpa sér við að innheimta bækur. Þetta hefur verið mikil upphefð fyrir ungar stúlkur. Helga sagði líka frá íslenskukennurum sínum frá því í gagnfræðaskóla en það voru landsþekktir menn, þeir Einar Bragi skáld og Jón Böðvarsson. Helga talaði um að lestur bóka væri undirstaða alls náms og hvernig lestur m.a. eflir málþroska, eykur vísýni og umburðarlyndi. Í dag hafa menn áhyggjur af lestri barna og er gripið til alls konar átaka til að reyna að auka áhuga á bókum og lestri almennt. Helga lauk orðum sínum á því að benda á átakið *Landsleik í lestri*: Allir lesa.is

Fundargerð lesin Svana Friðriksdóttir las fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt með lófaklappi.

Fyrirlesari kynntur Kristín kynnti Ingibjörgu Guðmundsdóttur skólameistara Kvennaskólans. Ingibjörg hafði tekið við starfi Kristínar, stærðfræðikennslu, þegar Kristín fór í barnseignafrí árið 1973 og kenndi Ingibjörg stærðfræði við skólann um árabil. Síðar varð Ingibjörg aðstoðarskólastjóri hjá Aðalsteini Eiríkssyni skólameistara. Í sextán ár, eða frá 1. nóv 1998, hefur Ingibjörg verið skólameistari Kvennaskólans.

Ingibjörg stiklar yfir sögu Kvennaskólans Hún byrjaði á að bjóða okkur velkomnar í skólann. Síðan sagði hún að Kristín Bjarnadóttir væri örlagavaldur í hennar lífi, þar sem hún hafi fengið hana til starfa við skólann haustið 1973. Þá var Ingibjörg nýbúin að ljúka stærðfræðinámi sínu. Þann vetur var mikið um að vera í skólanum, það var m.a. verið að gefa út bók um sögu skólans því það var verið að halda upp á hundrað ára afmæli skólans. Það ber vott um ákveðna festu að Ingibjörg er einungis 6. formlegi skólameistari skólans frá því að hann var stofnaður þann 1. október árið 1874.

Frú Þóra Melsteð stofnaði skólann á heimili sínu og þar fór kennslan fram fyrstu tvö árin eða þar til hann flutti í hús sem stendur við Austurvöll og nú heitir Nasa. Frú Þóra vildi gefa stúlkum kost á skólavist. Í byrjun voru tíu stúlkur í skólanum. Nú eru 656 nemendur í skólanum. Fyrstu öldina sem skólinn starfaði var hann eingöngu fyrir stúlkur. Lengst af var kennt til landsprófs og til kvennaskólaprófs, það próf þótti mjög gott próf. En á árunum 1970-80 var tíðarandinn í þjóðfélaginu að breytast og var mikil gerjun í gangi. Það var jafnvel verið að velta því fyrir sér hvort skólinn ætti rétt á sér. Fyrsti strákurinn settist á skólabekk einn síns liðs haustið 1976, eftir það fóru þeir að tínast inn. Það hefur aldrei verið neinn kynjakvóti í skólanum en strákum hefur fækkað örlítið nú s.l. haust. Skólinn varð framhaldsskóli 1979, fyrstu árin í samstarfi við FB en frá 1987 hefur hann verið sjálfstæður framhaldsskóli. Kvennaskólinn hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1982. Ingibjörg talaði um að "skólamenningin" skipti miklu máli og að hún héldi skólanum að einhverju leyti uppi. Nemendafélagið, sem stofnað var 1919 heitir Keðjan, það hefur alltaf heitið þessu nafni. Busavígslur eru bannaðar en allir nýir nemendur fá gefins hlekk. Margar gamlar hefðir eru í skólanum sem hafa verið lagaðar að nútímanum eins og **peysufatadagurinn** og **epladagur** að hausti (allir fá epli í nóvember). Það er markvisst reynt að hafa öll samskipti í skólanum á góðum nótum, það má segja að jákvæð samskipti og gagnkvæm virðing séu n.k. einkunnarorð skólans. Öllum á að líða vel, allir eiga að vilja koma í skólann. Í

skólanum er markviss undirbúningur fyrir framhaldsnám, það er bekkjakerfi og töluvert aðhald í námi enda er brottfall mjög lítið einungis um 2%. Allt vinnuumhverfi skólans er mjög hlýlegt, skólinn starfar nú í þremur byggingum; þetta er n.k. "campus" í miðbænum. Árið 2011 bauðst skólanum Miðbæjarskólinn til afnota, í kjölfarið var skólinn endurskipulagður. Það eru alltaf 10 mínútna frímínútur á milli tíma því allir þurfa að fara á milli stofa og/eða bygginga. Skólinn er heilsueflandi skóli þannig að það þykir sjálfsagt að þurfa að fara á milli bygginga þegar farið er úr einum tíma í annan. Það var mikil innspýting fyrir faglegt starf skólans þegar Miðbæjarskólinn var tekinn í notkun, t.d. batnaði starfsaðstaða kennara til muna og nú hafa allir kennarar sitt vinnurými. Í Miðbæjarskólanum er leikfimisalur en skólabyggingin er friðuð að utan og innan. Ingibjörg talaði um að nemendur gangi almennt vel um og að unglingar í dag hafi fallega framkomu, fallegri en áður. Áður en við fengum okkur kaffi var létt spjall. Síðan leiddi Ingibjörg okkur um skrifstofu skólans og skrifstofu skólameistara sem er algjörlega friðuð. Þegar gengið er inn í hana er eins og manni sé kippt öld aftur í tímann, þar er mikið af gömlum, fallegum hlutum frá fyrstu árum skólans svo og húsgögn frá Þóru Melsteð.

Kaffihlé Boðið var upp á kaffi og meðlæti, m.a. heimabakaðar pönnukökur, nokkrar Gamma konur sáu um kaffiveitingarnar. Eftir kaffihléð og áður en gengið var niður á fyrstu hæð skólans þar sem kynning Ingibjargar hélt áfram sleit Kristín formlegum fundi og slökkti á kertunum þremur.

Kynning Ingibjargar á því hvernig Kvennaskólinn stóð að innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla Skólinn starfar samkvæmt nýrri námskrá sem byggir á lögum um framhaldsskóla frá 2008. En ábyrgð skóla á mótun inntaks og uppbyggingu námsframboðs var augin töluvert. Kvennaskólinn fékk styrk til að fara í þetta ferli og hófst vinnan við það 2008 en óneitanlega gerði "hrunið" þeim erfiðara fyrir. Meginmarkmið þessara breytinga var að gera góðan skóla betri, alls ekki að kasta því sem gott er og hefur virkað vel í gegnum árin. Allir kennarar skólans komu að þeirri vinnu að skrifa nýja námskrá, það var ekki létt verk en því lauk s.l. vor. Námsbrautir til stúdentsprófs eru þrjár: Félagsvísindabraut, Hugvísindabraut og Náttúruvísindabraut. Hægt er að ljúka stúdentsprófi á 3-4 árum, allt eftir vali hvers nemanda. En stefnt er að því að 80% nemenda ljúki náminu á þremur árum. Það setur kraft í nemendur að vita til þess að geta lokið náminu á þremur árum og finnst kennurum eins og nú taki nemendur meiri ábyrgð á námi sínu. Ingibjörg talaði um að hún og fleiri starfsmenn skólans höfðu tekið eftir því að sumir nemendur kvörtuðu yfir því að of mikið væri um endurtekningar á grunnskólaefni í byrjunaráföngum og einnig að margir nemendur höfðu of lítið að gera á fjórða ári sem er alls ekki gott veganesti inn í háskólanám. Nú hefur skólaárið verið lengt um fimm daga og kennsludögum fjölgað en prófdögum hefur aftur á móti fækkað. Þannig að nú er mun meiri skilvirkni. Ingibjörg nefndi að það væri mjög gott að geta sagt nemendum að á bak við hverja framhaldsskólaeiningu væri þriggja daga vinna nemenda. Ingibjörg talaði um að það væri lykilatriði við stjórn á innleiðingu að allar upplýsingar, vinnuþlogg og fundargerðir væru aðgengilegar fyrir alla og að fólkinu væri treyst og að allir kennarar taki þátt í þróunarstarfinu og eigi þar með hlut í afurðinni! Að lokum var klappað fyrir Ingibjörgu.

Fundarlok Kristín þakkaði Ingibjörgu kærlega fyrir móttökurnar og hennar góða innlegg og færði henni rós sem er tákn samtakanna. Kristín færði einnig Björk Einisdóttur rós með þakklæti fyrir greinargóðar fundargerðir s.l. tvö ár. Fundi var slitið klukkan 22:10.

Fundargerð skráði Svana Friðriksdóttir.